

Útskrift FSN - 10 ára stúdentsafmæli – 17.des 2019

Kæri skólameistari, nýstúdentar og aðrir gestir.

Ég heiti Gunnhildur Gunnarsdóttir og er tíu ára stúdent frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Að það séu liðin tíu ár síðan við fengum grænt ljós á útskrift og Barbara spænskukennari sennilega aldrei jafn ánægð að útskrifa nemendur eins og jólin 2009. Hún hafði samt alveg gaman af okkur en var örugglega dauðfegin að þurfa ekki að kenna okkur lengur.

Það var gott að fá fjölbrautaskóla svona nálægt heimabyggð en með því gátum búið lengur heima hjá mömmu og pabba. Ég gat haldið áfram að spila körfubolta með Snæfell og safnað peningum fyrir frekara námi þegar að útskrift kæmi. Lífið í FSN var ótrúlega gott. Eins mikið og við vildum fá skólann inn í Hólm þá var bara notalegt að setjast upp í rútuna á morgnanna, taka stuttan blund og gera sig tilbúinn í daginn. Þegar við mættum svo í skólann fórum við iðulega beint inn á skrifstofu, sátum þar dágóða stund og spjölluðum við Lilju, Rúnu og Óla enda með eindæmum frábært fólk! Trúi ekki öðru en að Freydís smellpassi inn í þann hóp enda mikill sprelligosi.

Hér var auðvelt að vera í nánnum samskiptum við kennara og starfsfólk og allir tilbúnir að hjálpa manni við hvað sem var. Fyrirkomulagið í skólanum hentaði mér mjög vel en það var mikið um verkefnavinnu og minna um próf sem var gott fyrir svona stressaðan nemanda eins og mig. Ég væri svo ekki heiðarleg ef ég myndi ekki segja

ykkur að ég hafi lagt mig nánast á hverjum degi í sófanum inni í B eða Býli eins og það kallast í dag. Sem betur fer eru breyttir tímar, eða ég vona það!

Svo var það fiskurinn á þriðjudögum en þá var alltaf boðið upp á fisk í mötuneytinu svo við vorum ekki lengi að koma því í vana að húa saman mannskapnum og skella okkur í fjölskyldutilboð á sjoppunni – hamborgari, franskar og kokteilsósa. Þvílíka combóið. Þar hitti ég nú líka draumaprinsinn en við þurfum ekki að fara nánar út í það...

Ég útskrifaðist af félagsfræðibraut jólin 2009 og haustið eftir flutti ég til Reykjavíkur og stundaði þar íþróttافرæðinám við Háskólann í Reykjavík ásamt því að spila körfubolta með Haukum. Í HR var námið verkefnamiðað líkt og í FSN svo ég tel mig hafa komið með góðan grunn inn í áframhaldandi nám. Vorið 2014 útskrifaðist ég sem íþróttافرæðingur og síðan með meistaragráðu í menntunarfræðum frá Háskólanum á Akureyri vorið 2016. Síðan ég útskrifaðist úr HR hef ég unnið sem umsjónarkennari og íþrótt- og sundkennari í Grunnskólanum í Stykkishólmi. Samhliða því stunda ég nú meistaranám í íþróttavísindum og þjálfun frá Háskólanum í Reykjavík.

Því gleður það mig að vita af nýju íþróttalínunni í FSN. Hún var ekki í boði þegar ég stundaði þar nám en ég fagna því að hún sé komin í

gagnið. Nú vantar bara iðngreinarnar og þá erum við í ennþá betri málum.

Kæru nýstúdentar.

Gefið ykkur tíma í að finna út hvað þið viljið gera í framtíðinni, við hvað þið viljið vinna og hvar þið viljið búa. Munið að sú ákvörðun sem þið takið í dag mun ekki þurfa að endurspegla hvað þið ætlið ykkur að gera allt lífið. Við lærum nýja hluti á hverjum degi og eigum að muna að njóta þess. Þið getið gert það sem þið viljið ef þið leggið ykkur fram, setjið ykkur markmið og gerið það sem þarf til þess að ná þeim.

Til hamingju með daginn ykkar, góða skemmtun og munið að njóta.